

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík 22. apríl 2020

Umsögn Alþýðusambandsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018 (endurgreiðslur), 727. mál.

Frumvarpi þessu er ætlað að styðja við ferðaþjónustufyrirtæki sem eiga í rekstrarerfiðleikum vegna Covid-19 og eiga í lausafjárvanda með því að heimila þeim að endurgreiða ferðamönnum með inneignarnótum í stað peninga.

Alþýðusambandið leggst gegn því að lausafjáranda fyrirtækja verði velt yfir á neytendur með því að heimila fyrirtækjum að endurgreiða neytendum pakkaferðir með inneignarnótum. Eins og staðan er í dag er hafa neytendur enga tryggingu fyrir því að þeir geti innleyst inneignarnótur eða fengið peninga sína til baka ef ferðaþjónustufyrirtæki verða gjaldþrota og er vanda fyrirtækja því velt yfir á neytendur sem taka áhættu á að tapa peningum sínum. Aðstæður neytenda hafa einnig breyst á örskömmum tíma í kjölfarið á veirunni og margir nú þegar orðið fyrir tekjumissi eða sjá fram á tekjumissi. Forsendur hafa því breyst þannig að neytendur geta margir hverjir þurft á því að halda að ráðstafa peningunum á annan hátt og er því ef eitthvað er því enn mikilvægara en áður að þessi réttur lögbundni réttur neytenda til að fá endurgreiðslu í formi peninga sé virtur. Þá bera inneignarnótur þá hættu með sér fyrir neytandann að virði peninganna verði orðið minna þegar hann getur leyst hana út og tapar neytandinn þannig á að taka við inneignarnótu í stað peninga.

Alþýðusambandið tekur einnig í meginatriðum undir umsögn Neytendasamtakanna um frumvarpið.

F.h. Alþýðusambandsins,

Auður Alfa Ólafsdóttir

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13.05.2020.

Efni: Umsögn Arion banka hf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018 (endurgreiðslur), 727. mál.

Arion banki hf. óskar eftir því að koma á framfæri athugasemdum sínum við framangreint frumvarp. Arion banki hf. sem útgefandi greiðslukorta telur nauðsynlegt að hagsmunir korthafa séu hafðir í huga við gerð frumvarpsins þannig að korthöfum séu tryggðar fullar endurgreiðslur í samræmi við þá kortaskilmála sem í gildi voru þegar kaup áttu sér stað.

Arion banki hf. telur nauðsynlegt að lagabreyting þessi verði ekki til þess að réttur korthafa skerðist við það að ferðaskrifstofum verði leyft að endurgreiða ferðamönnum með inneignarnótum í stað peninga. Korthafi getur gert endurkröfu vegna ferða sem hafa fallið niður vegna Covid-19 til útgefanda, hér Arion banka hf., sem beinir slíkum kröfum til færsluhirðis, en einungis að því skilyrði uppfylltu að korthafi hafi óskað eftir endurgreiðslu fyrst hjá söluaðila sem hafi neitað að endurgreiða. Beri söluaðila hins vegar ekki skylda til endurgreiðslu samkvæmt frumvarpi þessu getur það leitt til þess að korthafi tapi endurkröfurétt sínum.

Þá er réttur korthafa samkvæmt alþjóðlegum skilmálum um réttindi og skyldur tengd greiðslukortum takmarkaður við það að hann getur ekki gert endurkröfu lengur aftur í tímann en 18 mánuði frá því að kortafærsla var framkvæmd. Algengt er að ferðamaður sem hefur keypt pakkaferð með greiðslukorti hafi keypt hana nokkru áður en ferðin er áætluð, jafnvel síðasta sumar. Þá er ljóst að frestur korthafa til að gera endurkröfu getur verið liðinn ef miðað er við að frestur til að innleysa inneignarnótuna sé allt að 12 mánuðir frá og með 30. júní n.k., ef síðar kæmi upp sú staða að söluaðili fer þrátt fyrir úrræði þetta í gjaldþrot eða rekstrarstöðvun.

Arion banki hf. er því mótfallinn framangreindu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 og tekur einnig undir sjónarmið Neytendastofu um að neytendum sé ekki tryggðar fullar endurgreiðslu í samræmi við þau lög og skilmála sem í gildi voru þegar kaup áttu sér stað.

Virðingarfyllst,

Ásgerður Þ. Hannesdóttir lögmaður,

f.h. Arion banka hf.

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2020

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018 (endurgreiðslur), 727. mál


BSRB vill koma á framfæri athugasemdum sínum við framangreint frumvarp sem felur í sér að ferðaskrifstofum verði heimilt að endurgreiða ferðamönnum pakkaferðir, sem hafa verið afpantaðar eða verið aflýst og áttu að fara á tímabilinu 15. mars til og með 30. júní 2020, með inneignarnótum. Að mati BSRB er ekki forsvaranlegt að lausafjárnanda ferðaskrifstofa, og annarra fyrirtækja er geta nýtt sér framangreinda heimild, verði velt yfir á einstaklinga og fjölskyldur. Bandalagið hefur þó vissulega samúð með þeirri stöðu sem fyrirtækin standa frammi fyrir.

Þó aðstæður seljenda pakkaferða hafi breyst verulega á undanförunum vikum og mánuðum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru þá hafa aðstæður einstaklinga og fjölskyldna einnig breyst. Sá fjöldi sem hefur nú þegar misst atvinnu sína eða þurft að þola skert starfshlutfall er fordæmalaus og margir horfa fram á mikinn tekjumissi á komandi vikum og mánuðum. Þeir einstaklingar eða þær fjölskyldur sem ætluðu sér að ferðast á umræddu tímabili, og eiga að óbreyttu rétt til endurgreiðslu úr hendi ferðaskrifstofu, munu því í mörgum tilfellum vilja ráðstafa þeim fjármunum með öðrum hætti. Það er því ekki sanngjarnt að þeim sé gert að þola það að fá skilyrta inneignarnótu í stað þeirrar endurgreiðslu.

BSRB telur jafnframt óvíst hvort efni frumvarpsins standist ákvæði 72. gr. stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar og saknar þess að ekki hafi verið metið og rökstutt sérstaklega hvernig efni þess samræmist ákvæðum stjórnarskrár, sbr. 4. kafli frumvarpsins. Í þessu sambandi má benda á að hér er um að ræða endurgreiðslukröfu í reiðufé, sem einstaklingar eiga rétt til samkvæmt gildandi lögum, sem verið er að umbreyta í skilyrta inneignarnótu.

Með vísan til framangreinds getur BSRB ekki stutt efni frumvarpsins. Bandalagið hvetur því stjórnvöld til þess að finna aðra leið til þess að leysa umræddan vanda.

Fyrir hönd BSRB



Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
nefndasvid@althingi.is

Akureyri, 23. apríl 2020
Tilvísun: 2004096 / 00.08.00

**Efni: Umsögn Ferðamálastofu um frv. til br. á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 (endurgreiðslur)
Þingskjal 1256 - 727. mál.**

Vísað er beiðni atvinnuveganefndar Alþingis, sem fram kom á fundi nefndarinnar, fimmtudaginn, 23. apríl þar sem óskað var umsagnar um frv. til br. á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 um endurgreiðslur í formi inneigna vegna ferða sem vera áttu á tímabilinu 15. mars til. 30. júní nk.

Umsögn Ferðamálastofu

Ljóst er að ferðaþjónustuaðilar og þar með ferðaskrifstofur horfast í augu við mikinn lausafjárskort. Þegar horft er til stöðu ferðaskrifstofa þarf að horfa annars vegar á lausafé og lausafjárþörf þeirra og hins vegar á hvort tryggingar þeirra hjá Ferðamálastofu vegna endurgreiðslu fjár vegna sölu pakkaferða, dugi komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar. Mikilvægt er að horfa á heildarhagsmunina. Það er alveg ljóst að aðstæður viðskiptavina eru misjafnar en það sem mestu skiptir er að viðskiptavinirnir fái sínar kröfur greiddar, hvort sem það er í formi beinna endurgreiðslna eða í framkvæmd frestaðra ferða.

Ferðaskrifstofur eru misjafnlega vel í stakk búnar til að takast á við endurgreiðslur vegna aflýstra og afpantaðra pakkaferða vegna COVID-19. Þær telja einnig að trygging þeirra hjá Ferðamálastofu dugi. Ferðaskrifstofur hafa unnið í því að semja við viðskiptavinina um að pakkaferðunum, sem áttu að vera framkvæmdar á þessum tíma, yrði frestað þar til síðar. Í einhverjum tilfellum um óákveðinn tíma, öðrum fram á haust en mjög mörgum til ársins 2021.

Gangi lagabreytingin í gegn er verið að fresta beinum endurgreiðslum. Það á að geta gefið ferðaskrifstofunum svigrúm til að lifa af, endurskipuleggja starfsemina, mögulega að auka lausafé sitt m.a. með því að krefja birgja um endurgreiðslur á þegar greiddum ferðaþjónustupáttum og auka þar með líkurnar á því að starfsemi geti haldið áfram og þar með tryggt skuldbindinar sínar við viðskiptavinina varðandi endurgreiðslur og framkvæmd frestaðra ferða. Á meðan þetta tímabil varir er til staðar tryggingarkerfi sem grípur inn í og endurgreiðir kröfur komi til þess að ferðaskrifstofa missir rekstrarhæfi sitt/verður gjaldþrota. Þegar upp er staðið er því til staðar fé til að mæta kröfum um endurgreiðslur þó það sé fé sem bundið er í tryggingum. Mikið er í húfi.


Ferðaskrifstofurnar eiga margar hverjar eignir og hafa byggt upp dýrmæt viðskiptasambönd sem geta farið forgörðum komi til gjaldþrots.

Gangi lagabreytingin ekki eftir og ferðaskrifstofur munu þurfa að hefja endurgreiðslur þá mun ganga hratt á það lausafé sem til staðar er. Miklar líkur eru á að ferðaskrifstofur verði gjaldþrota þar sem ganga mun hratt á það lausafé sem til staðar er. Ekki er hægt að tryggja jafnan rétt viðskiptavina til endurgreiðslu þar sem fyrstir koma, fyrstir fá, fá fulla endurgreiðslu á kostnað þeirra sem á eftir koma. Fari ferðaskrifstofa í gjaldþrot munu aðrir viðskiptavinir þurfa að gera kröfu í tryggingarfé ferðaskrifstofunnar. Það getur orðið bið á því að greiðslur berist þar sem kröfurlýsingarfrestur er 60 dagar og síðan tekur við vinnsluferli krafna. Erfitt er að segja til um hvað það er langt en það fer eftir umfangi og fjölda krafna. Sé umfangið mikið getur vinnsluferlið tekið einhverja mánuði. Sem dæmi má nefna að vinnsluferli Gaman ehf. tók um fimm mánuði eftir að tveggja mánaða kröfurlýsingarfresti lauk. Ljóst er að viðskiptavinir munu þurfa að bíða eftir greiðslum.

Ferðamálastofa vill benda á að með því að stytta kröfurlýsingarfrest í 30 daga er hægt að koma til móts við viðskiptavini ferðaskrifstofa, komi til þess að það reyni á tryggingar ferðaskrifstofa. Með styttingu kröfurlýsingarfrestsins styttist málsmeðferðartími og viðskiptavinir fá endurgreiðslu úr tryggingarfé fyrr. Reynslan hefur sýnt að þeir sem gera kröfu í tryggingarfé gera það á fyrstu vikum frestsins.

Það er hlutverk Ferðamálastofu að endurmeta tryggingarfjárhæðir ferðaskrifstofa. Í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem uppi eru mun stofnunin leggja sérstaka áherslu á að tryggt verði, eins og kostur er, að inneignir séu tryggðar og að ferðaskrifstofur upplýsi um heildarskuldbindingar sínar vegna aflýstra, afpantaðra og frestaðra ferða. Tryggingarútreikningurinn mun taka mið af upplýstum skuldbindingum.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu


Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnsýslusviðs



Nefndasvið Alþingis
B.t. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Umsögn Iceland Luxury Tours (ILT Luxuria ehf.) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018 (endurgreiðslur), 727. mál.

Undirritaður er stofnandi, eigandi og framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Iceland Luxury Tours sem sérhæfir sig í sérsniðnum pakkaferðum fyrir erlenda ferðamenn á Íslandi. Hver ferð er vandlega sérsniðin fyrir hvern viðskiptavin og getur tekið margar vikur í undirbúningi. Söluferlið má segja að sé í nokkrum þrepum; uppsetning ferðar sem í felst skipulagning hvers dags og uppröðun þeirra innbyrðis m.t.t. ferðatilhögunar, afþreyingar og gistingar, bókanir á tengdum þjónustum og afþreyingu og innheimtur greiðslna frá viðskiptavini.

Lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 sem tóku gildi 1. janúar 2019 ógilda þá viðskiptaskilmála sem ferðaskrifstofur hafa starfað eftir um langt skeið og leggja þau þungar byrðar á ferðaskrifstofur þegar kemur að heimsfaraldri eins og COVID-19. Löggin voru samin og sett á þegar aðstæður í heiminum til ferðalaga voru fullkomlega eðlilegar og miða við það. Að endurgreiða lítið hlutfall ferða sem afbókast eða er aflýst við eðlilegar aðstæður er yfirstíganlegt í rekstri hvernar ferðaskrifstofu jafnvel þótt hún fái ekkert greitt fyrir ofangreinda vinnu sem getur talið í mörgum vikum og tugum og jafnvel hundruðum tölvupósta. En þegar öll ferðalög í vestrænum heimi leggjast niður vegna aðgerða stjórnvalda gegn heimsfaraldri eru það fordæmalausar kringumstæður sem umræddum lögum var ekki ætlað að takast á við. Að gera ferðaskrifstofur skyldugar til að endurgreiða öllum viðskiptavinum að fullu við slíkar kringumstæður þegar ferðapjónustan sér ekki bara framá minnkun á veltu heldur neikvætt sjóðsstreymi út árið er í besta falli gerræðislegt. Engin atvinnugrein gæti staðið undir slíkri kröfu og yrði sjálfkrafa aflögð með tilheyrandi gjaldþrotum og kostnaði samfélagsins.

Þegar ferðaskrifstofa verður gjaldþrota tekur ferðaskrifstofuþrygging hennar við kröfum frá viðskiptavinum um endurgreiðslur. Ferðamálastofa krefst bankatryggingar fyrir ferðaskrifstofuþryggingu sem þarfnast veðs í fasteign og í mörgum tilfellum leggja eigendur ferðaskrifstofa eigin fasteign að veði. Með þeim hætti er eigandi ferðaskrifstofunnar orðinn persónulega ábyrgur fyrir endurgreiðslum til viðskiptavina. Er eðlilegt að einstaklingar í rekstri beri persónulega svo þunga ábyrgð þegar heimsfaraldur gengur yfir með fordæmalausum hætti? Ríkisstjórnir í mörgum löndum telja svo ekki vera og hafa sett lög sambærileg þeim sem hér um ræðir til að auka líkurnar á að ferðaskrifstofur geti mögulega haldið velli. Virðisæðja ferðapjónustunnar er að veði og sú verðmætamyndun sem hefur átt sér stað í ferðapjónustu á Íslandi á undanförunum 10-15 árum á forni viðskiptasambanda og trausts.

Þetta frumvarp skilgreinir endurgreiðslu í formi inneignar fyrir ferðir sem ekki eru farnar á tímabilinu 15. mars til 30. júní. Nú er ljóst að margar þjóðir eru í mun erfiðari málum en við Íslendingar og munu ekki opna fyrir millilandaferðalög í brád. Þessi tímamörk eru því alltof knöpp því nú berast okkur afbókanir vegna ferða sem voru bókaðar í júlí og ágúst einfaldlega vegna aðstæðna í heimalandi viðskiptavina. Það er fullkomlega óháð því hvort opnað hafi verið fyrir millilandaflug til Íslands.

Ég treysti því að íslensk yfirvöld sjái í hendi sér hvað réttast er að gera í þessu máli og stuðli að því að fjöldi ferðaskrifstofa verði ekki gjaldþrota með tilheyrandi áhrifum á eigendur og fjölskyldur þeirra vegna óeðlilegra krafna um að ferðaskrifstofur beri fulla ábyrgð á afleiðingum heimsfaraldurs og samþykki þessi lög að viðbætti lengingu á umræddu gildistímabili.

Virðingarfyllt,

Sveinn Sigurður Kjartansson
Eigandi Iceland Luxury Tours
Kt. 700115-1190



Nefndasvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2020

Varðar: frumvarp til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018 (endurgreiðslur) – 727. mál.

Íslandsbanki hf. vísar til frumvarps til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018 (endurgreiðslur). Samkvæmt því sem fram kemur í frumvarpinu mun seljendum pakkaferða verða heimilt að endurgreiða ferðamönnum með inneignarnótu í stað peningagreiðslu vegna pakkaferða sem fyrirhugaðar voru á tímabilinu 15. mars – 30. júní 2020 komi til afpöntunar eða aflýsingar vegna óvenjulegra og óviðráðanlegra aðstæðna. Athugasemdir bankans, sem útgefanda greiðslukorta, snúa að réttaróvissu sem kann að skapast í tengslum við beitingu laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 og um meðferð endurkrafna á grundvelli skilmála við alþjóðlegar kortasamsteypur, verði frumvarpið að lögum. Lög um greiðsluþjónustu eru byggð á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2007/64/EB um greiðsluþjónustu á innri markaðnum.

Lög um greiðsluþjónustu gilda m.a. um útgáfu greiðslukorta og framkvæmd færslna með þeim. Lögin mæla fyrir um réttindi og skyldur notenda greiðsluþjónustu og leggja ríkar skyldur á greiðsluþjónustuveitendur að standa vörð um þessi réttindi, m.a. útgefendur greiðslukorta. Ákvæði kortaskilmála byggja á þessum lögum ásamt skilmálum við alþjóðlegar kortasamsteypur eins og Mastercard og mæla fyrir um endurkröfurétt korthafa hafi vara eða þjónusta ekki verið innt af hendi, atburði aflýst o.s.frv. Þetta hefur verið talinn einn af kostum þess að nota greiðslukort og stuðlað að öryggi í viðskiptum.

Þeir sem greiða ferð sína með korti eiga endurkröfurétt en hann gildir einungis í 540 daga (18 mán) frá því að kortafærsla var framkvæmd samkvæmt alþjóðlegum skilmálum um réttindi/skyldur tengd greiðslukortum. Algengt er að fólk borgi ferðir allt að ári áður en ferð er farin og margir ákveða vísitandi að greiða með korti til að njóta þessara réttinda. Verði sú leið farin að afhenda inneignarnótu í stað endurgreiðslu má færa fyrir því rök að gengið sé á endurkröfurétt þeirra sem greiddu ferð sína með korti. Endurkröfurétturinn er ríkur sem fyrr segir og er vandséð að sú leið sem lögð er til með frumvarpinu standist lög um greiðsluþjónustu og alþjóðlega kortaskilmála. Í því sambandi má benda á yfirlýsingu Evrópusambandsins frá 13. maí, um skýlausan endurkröfurétt vegna ferða sem ekki voru farnar https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/ip_20_854. Þá er óvíst hvort alþjóðlegar kortasamsteypur víki frá skilmálum sínum þó svo að lögum einstakra ríkja verði breytt þannig að þau kunni að brjóta gegn skilmálunum. Það er því ljóst að huga þarf að þessum atriðum við meðferð málsins.

Virðingarfyllst,
F.h. Íslandsbanka hf.
Ingibjörg Árnadóttir, lögmaður

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis

Reykjavík 22. apríl 2020

Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018 (endurgreiðslur), 727. mál.

Neytendasamtökin vísa í fundaboð efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem upplýst er um fyrirhugaða breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Markmið breytinganna er að heimila seljendum pakkaferða að bæta viðskiptavinum sínum þær greiðslur sem greiddar hafa verið inn á pakkaferðir sem fyrirhugaðar voru á tímabilinu 15. mars – 30. júní 2020 komi til afþöntunar eða aflýsingu með inneignarnótu í stað endurgreiðslu eins og núgildandi lög kveða á um.

Neytendasamtökin gera alvarlegar athugasemdir við frumvarpsdrögin og telja þau aðför að rétti neytenda. Með aðgerðinni er lausafjárvanda fyrirtækja velt á herðar neytenda sem margir hverjir standa höllum fæti og hafa misst hluta eða allt viðurværi sitt. Það leysir ekki vanda að færa hann úr einni hendi yfir á aðra.

Neytendasamtökin gera athugasemd við afturvirkni laganna, það er að þau eigi að gilda frá 15. mars sl. Slík tilhögun er ekki í anda lagasetninga í lýðræðisríkjum.

Neytendasamtökin vara við því að frumvarpsdrögin kunni að ganga gegn 72.gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands um eignarrétt. Telja Neytendasamtökin að við kaup á pakkaferð eða samtengdri ferðatilhögun, sem hafi verið framkvæmd á grundvelli þágildandi laga, með þeim skyldum og réttindum sem þá giltu, hafi stofnast ákveðinn eignarréttur, sem ekki verði brott numinn. Þá má áætla að ferðamenn hafi gengið út frá því við samningsgerð að ófrávikjanleg ákvæði laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun myndu gilda um samningssambandið en ekki vera breytt eftir á með afturvirkum og íþyngjandi hætti. Ferðamenn höfðu þar með réttmætar væntingar við gerð pakkaferðasamnings að ákvæði laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun myndu tryggja réttarstöðu þeirra.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til viðbragða annarra landa innan EES í tengslum við veirufaraldurinn. Þar er m.a. vísað til aðgerða í Belgíu, en samkvæmt upplýsingum Neytendasamtakanna geta ferðaskrifstofur í Belgíu afhent neytendum inneignarnótu í stað endurgreiðslu sem gildir í eitt ár. Í greinargerðinni kemur þó ekki fram að ef neytendur í Belgíu nýta sér ekki inneignarnótuna þá hafa þeir rétt á að óska eftir endurgreiðslu sem skal greiðast eigi síðar en 6 mánuðum eftir að endurgreiðslubeiðni berst. Í Danmörku hafa stjórnvöld lagt til mikið fjármagn í tryggingarsjóð ferðaskrifstofa sem tryggir að neytendur geta gengið að því vísu að fá endurgreitt að fullu. Í Noregi hafa neytendur val um það hvort þeir þiggja inneignarnótur eða endurgreiðslur. Í Frakklandi hafa verið sett neyðarlög sem heimila ferðaskrifstofum að afhenda ferðamönnum inneignarnótur fyrir ferð sem er aflýst eða afþöntuð. Inneignarnóturmar eiga að gilda í 18 mánuði. Nýti ferðamaður sér ekki inneignina eftir að gildistími þeirra er liðinn þá á hann rétt á því að fá fulla endurgreiðslu.

Í Króatíu hefur frestur til endurgreiðslu verið framlengdur í 180 daga frá því tímamarki sem hinar óvenjulegu og óviðráðanlegu aðstæður liðu undir lok. Í Tékklandi hafa ferðaskrifstofur fengið svokallað

verndartímabil, frá 20. febrúar til 31. ágúst 2020, sem þýðir að ferðaskrifstofur geta afhent ferðamönnum inneign fyrir pakkaferð. Ákveðnir hópar eru þó undanþegnir þeirri reglu, enda mjög líklegt að erfitt geti reynst fyrir þá að nýta sér inneignir í ferðir síðar meir (t.d. fólk með hreyfihömlun og eldri borgarar). Þeir ferðamenn sem falla undir þann flokk geta hafnað því að þiggja inneignarnótur. Inneignarnóturnar eru að fullu tryggðar af tryggingarsjóði og nýti ferðamaðurinn sér hana ekki getur hann síðar meir óskað eftir endurgreiðslu. Í Litáen hefur verið lögð til breytingartillaga á pakkaferðalögum með þeim hætti að hægt verði að endurgreiða ferð í formi inneignarbréfs. Lagt er til að gildistími inneignarnóta verði 12 mánuðir og að þeim tíma liðnum geta ferðamenn fengið að fullu endurgreitt. Á Spáni hefur verið lögð fram sú tillaga að ferðaskrifstofur geti afhent ferðamönnum inneignarnótu með árs gildistíma og að því tímamarki liðnu geti ferðamenn fengið endurgreiðslu að fullu. Þannig virðast þær breytingar sem átt hafa sér stað, eða hafa verið lagðar til, innan Evrópu átt það sameiginlegt að í þeim tilvikum þar sem ferðaskrifstofur hafi heimild til afhendingar inneignarnótu þá hafi neytendur skýlausan rétt á að fá síðar meir endurgreiðslu á inneignarbréfinu hugnist það þeim ekki að nýta þær. Þá eru slíkar inneignir gjarnan jafnframt tryggðar að fullu. Í einhverjum tilvikum er litið til aðstæðna ferðamanna og hvort inneignarleidd sé hentugt úrræði, sbr. það sem lagt var til í Tékklandi.

Miðað við orðalag 1. gr. fyrirbyggjandi frumvarps er óljóst hvort ferðamenn hér á landi sem gert verði að þiggja inneignarnótur fái þær greiddar að fullu eftir 12 mánuði nái frumvarpið fram að ganga í óbreyttri mynd. Í frumvarpinu segir svo: „Ferðamanni er heimilt að innleysa inneignarnótuna 12 mánuðum eftir að tímabili skv. 3. mgr. lýkur enda hafi hún þá ekki verið nýtt“. Neytendasamtökin telja „innleysa“ óheppilega orðanotkun þar sem óljóst getur verið hvort verið sé að veita heimild til farþega að nýta sér inneignarbréfið 12 mánuðum eftir að tímabili lýkur, eða hvort verið sé að veita skýran rétt til að fá inneignarbréfið endurgreitt.

Verði farin sú leið að veita ferðaskrifstofum heimild til að skikka ferðamenn til að taka við inneignarnótum er lágmarkskrafa að þær verði að fullu tryggðar komi t.d. til gjaldþrots ferðaskrifstofna, ásamt því að skýrt sé kveðið á um endurgreiðslurétt neytenda. Núverandi tryggingafyrirkomulag ferðaskrifstofa veitir ekki næga tryggingu til endurgreiðslu. Með því að skylda neytendur til að taka við inneignarnótum í stað endurgreiðslu er verið að varpa allri áhættu yfir á neytendur. Óljóst er hversu sterk staða ábyrgðarsjóðs ferðaskrifstofna er til að tryggja kröfur pakkaferðalanga og því nauðsynlegt að stjórnvöld tryggji allar slíkar inneignir sérstaklega.

Þá má velta fyrir sér verðmæti og virði þeirra inneigna sem lagt er til að ferðaskrifstofur geti gefið út. Þannig má gera ráð fyrir því að gengissveiflur og verðlag muni taka breytingu á næstu misserum þannig að sambærilegar ferðir gætu orðið töluvert dýrari en þegar þær voru keyptar. Þannig mætti skoða hvort að ferðamaður sem keypti t.d. 2 vikna ferð til Spánar að fjárhæð 200.000 kr., fái þannig inneign fyrir 200.000 kr., en sama ferð muni kosta að ári liðnu mun meira.


Neytendasamtökin benda á að sú leið að þiggja inneign í stað endurgreiðslu henti ekki öllum neytendum. Þannig er fyrirséð að ferðir sem tilteknir hópar hafi keypt t.d. vegna sérstakra aðstæðna (útskriftarferðir, afmælisferðir og ferðir eldri borgara eða langveikra sjúklinga) henti ekki á öðrum tímum. Þannig hafa verið veittar undanþágur fyrir vissum hópum í t.d. Tékklandi eins og áður er rakið.

Að lokum skapar aðgerðin hættulegt fordæmi, bæði hvað varðar íhlutun stjórnvalda, afturvirkni laga og ásælni í lögvarinn rétt neytenda, en líka fyrir fyrirtæki í öðrum greinum hvar neytendur eiga skýlausan rétt á endurgreiðslum.

Neytendasamtökin geta ekki annað en lýst yfir vonbrigðum sínum að ekki hafi verið leitað til samtakanna við vinnslu frumvarpsins. Þannig hafi samtökin ítrekað haft samband við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið frá 17. mars sl. og lagt til hugmyndir til að bregðast við og leysa vandann. Þar hafa Neytendasamtökin fyrst og fremst litið til dönsku leiðarinnar, sem getið er hér að ofan. Með henni er hægt að leysa lausafjársanda ferðaskrifstofa án þess að ganga á grundvallarréttindi neytenda. Með fyrirbyggjandi frumvarpi er þrengt verulega að lögboðnum rétti neytenda og því sérkennilegt að ekkert samráð eða samtal hafi verið haft við samtökin í aðdraganda samningu þess.

Holt og bolt gengur frumvarpið út á að skikka fólk til að lána ferðaskrifstofum fé vaxtalaust og með óvissu um endurgreiðslu og því leggjast samtökin eindregið gegn.

Virðingarfyllst,



Breki Karlsson, formaður

Meðfylgjandi er ályktun stjórnar Neytendasamtakanna frá 21. apríl 2020:

Ályktun vegna efnahagsaðgerða stjórnvalda

Stjórn Neytendasamtakanna mótmælir því harðlega að velta eigi lausafjáranda fyrirtækja á herðar neytendum eins og gert er ráð fyrir í efnahagsaðgerðum stjórnvalda, en þar segir meðal annars: „Komið verður til móts við lausafjáranda ferðaskrifstofa með lagabreytingu sem heimilar þeim að endurgreiða vissar ferðir með inneignarnótum.“

Það er ekki í boði að heimilin axli byrðar lausafjáranda fyrirtækja og inneignarnótur í gjaldþrota fyrirtækjum eru einskis virði. Fjölmargir hafa misst viðurværi sitt og gera ráð fyrir að fá endurgreiðslu eins og lög kveða á um.

Stjórn Neytendasamtakanna minnir á að neytendur eiga skýlausan rétt á endurgreiðslum og með þessu er áhættunni velt yfir á neytendur. Þá er ekki ólíklegt að með því að breyta lögum afturvirkir geti ríkið skapað sér bótaskyldu. Neytendasamtökin hafa margsinnis bent á leiðir sem kæmu bæði fyrirtækjum og neytendum vel og furða sig á að ekki sé á þau hlustað.

Líklega hefur sjaldan verið eins mikilvægt að standa vörð um neytendavernd og telja Neytendasamtökin nær að stjórnvöld tryggðu réttindi neytenda í stað þess að leggja af réttindi sem þeir eiga.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 23.04.2020
Tilv. 2020/0308 - 0.3.01
ÞAÁ

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018 - 727. mál

Neytendastofa þakkar fyrir boð atvinnuveganefndar á fund um frumvarp til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018 – 727. mál.

Við umræður hjá þátttakendum fundarins hefur verið lög áhersla á að mál þetta snýst um að ferðaskrifstofum sé veittur frestur frá 14 lögbundnum fresti til endurgreiðslu á pakkaferð við þær aðstæður sem nú eru vegna COVID-19. Á fundinum kom jafnframt fram að það er mat Ferðamálastofu að verulegur hluti skuldbindinga ferðaskrifstofa sé tryggður en vegna lausafjárstöðu verði að veita greiðslufrest með svipuðum hætti og mörg önnur EES ríki eru að gera til að bregðast við þeim fordæmalausum og mikla vanda sem COVID-19 hefur leitt af sér. Neytendastofa telur nauðsynlegt að neytendum séu tryggðar fullar endurgreiðslur í samræmi við þau lög sem voru í gildi er kaup áttu sér stað. Auk þess telur stofnunin mikilvægt í ljósi þeirra upplýsinga sem nefndin hefur eða mun fá um stöðu tryggingafjár og skuldbindinga sem þessi lagasetning tekur til að frumvarp þetta skerði ekki fjárhagsleg réttindi neytenda heldur fresti aðeins rétti þeirra til endurgreiðslu. Í því sambandi telur Neytendastofa að ef til vill væri skýrara með hliðsjón af umræðum á fundinum og upplýsingum sem hafa komið fram að 1. mgr. orðist svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 16. gr. er skipuleggjanda eða smásala heimilt að fresta endurgreiðslu til ferðamanns vegna greiðslna sem hann hefur innt af hendi fyrir pakkaferð sem er aflýst eða afþöntuð vegna óvenjulegra og óviðráðanlegra aðstæðna með inneignarnótu. Ferðamanni er heimilt að innleysa inneignarnótuna 12 mánuðum eftir að tímabili skv. 3. mgr. lýkur enda hafi hún þá ekki verið nýtt.“

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri

Nefndasvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Reykjavík 23. apríl 2020

Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018 (endurgreiðslur), 727. mál.

Lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018, tóku gildi 1. janúar 2019. Lögin eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2302 frá 25. nóvember 2015 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Í 12. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um rétt ferðamanna til fullrar endurgreiðslu án ótilhlýðilegrar tafar og eigi síðar en 14 dögum eftir að pakkaferð er aflýst eða hún afþöntuð vegna óvenjulegra og óviðráðanlegra aðstæðna. Tilskipunin leggur þannig auknar íþyngjandi kröfur á herðar seljanda þjónustunnar og þær kröfur eru skýr undantekning frá almennum viðskiptaháttum með vörur og þjónustu á EES svæðinu.

Þær aðstæður sem nú eru uppi vegna heimsfaraldurs kórónaveiru og t.d. þær ferðatakmarkanir sem faraldrinum fylgja gera bæði ferðaþjónustuaðilum ókleift að afhenda þjónustu og neytendum ókleift að nýta þjónustu, m.a. vegna ferðatakmarkana. Tilskipun Evrópuþingsins, og sú íslenska löggjöf sem innleiðir hana í íslenskan rétt, er ekki skrifuð með núverandi aðstæður í huga, þar sem alger stöðvun á afhendingu ferðaþjónustu er staðreynd í Evrópu og um allan hinn vestræna heim. Forsendur lagasetningarinnar eru því fullkomlega brostnar.

Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu kemur til móts við þennan vanda og er í fullu samræmi við aðgerðir annarra Evrópuríkja sem leiðdar hafa verið í lög á undanförunum vikum til að bregðast við honum. Breytingin er tímabundin aðgerð vegna tímabundins og fordæmalauss vanda.

Grundvallaratriði er að markmið breytingarinnar er að koma í veg fyrir gjaldþrot ferðaskrifstofa vegna lausafjárskorts sem leiði beint af núverandi löggjöf. Gjaldþrot fjölda ferðaskrifstofa myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir virðisikeðju ferðaþjónustunnar og möguleika atvinnugreinarinnar til verðmætasköpunar að faraldrinum loknum eins og nánar er farið yfir hér að neðan. Einnig myndi gjaldþrot fjölda ferðaskrifstofa koma illa við fjölda neytenda sem þá þyrftu að treysta á tryggingakerfi ferðaskrifstofa um endurgreiðslur.

Af þessu leiðir að breytingin sem hér er lögð til miðar m.a. að því að koma í veg fyrir að neytendur verði fyrir skaða vegna ófullnægjandi trygginga í tilfelli gjaldþrots ferðaskrifstofa, með því að takmarka líkur á slíkum gjaldþrotum.

Ófyrirséður og fordæmalaus vandi veldur forsendubresti.

Sá lausafjárnandi sem nú hefur gert það að verkum að greiðslukeðja ferðaþjónustunnar hefur stöðvast (greiðslur milli fyrirtækja fyrir keypta þjónustu) kemur harkalegar niður á ferðaskrifstofum. Þær standa nú frammi fyrir lagaskyldu um að endurgreiða viðskiptavinum í reiðufé innan 14 daga sé þess krafist. Á

sama tíma geta þessi fyrirtæki t.d. ekki fengið endurgreiðslur frá t.d. hótelum og flugfélögum sem þau hafa þegar keypt þjónustu frá vegna hinna seldu ferða. Virðisikeðjan er slitin og fyrirtækin þurfa því að fjármagna endurgreiðslurnar nær alfarið með eigin fé/þeim hluta greiðslu fyrir þjónustu sem ekki hefur þegar verið greiddur annað eða nýttur í rekstur fyrirtækisins. Þessi staða, lausafjárskortur ferðapjónustufyrirtækja og fyrirsjáanlegt algert tekjufall um fjölda mánaða skeið gerir það að verkum að líf þessara fyrirtækja hangir á blápræði ef viðskiptavinir krefjast endurgreiðslu í stórum stíl á grundvelli lögvarins réttar. Þegar er ljóst að fjöldi þessara fyrirtækja mun ekki ráða við slíkt og mun því fara í gjaldþrot og alvarlegt rof verður í virðisikeðju ferðapjónustunnar. Af þessum ástæðum hefur fjöldi ríkja í Evrópu komið til móts við ferðapjónustufyrirtæki viðkomandi landa og veitt þeim heimild til að gefa út inneignanótu í stað endurgreiðslu í reiðufé, eða með öðrum hætti sem takmarkar flæði lausafjár úr fyrirtækjunum. Fjöldi dæma um slíkar aðgerðir eru talin upp í greinargerð með breytingunni.

Víðtækar afleiðingar ef virðisikeðja ferðapjónustunnar rofnar með gjaldþrotum ferðaskrifstofa.

Ferðaskrifstofur eru ein mikilvægasta dreifileiðin í ferðþjónustu, þrátt fyrir stafræna þróun síðustu ára. Þær miðla viðskiptum áfram til birgja í greininni (hótela, afþreyingaraðila, bílaleiga, hópferðafyrirtækja o.s.frv.). Ef kemur til gjaldþrota ferðaskrifstofa í stórum stíl hefur það veruleg áhrif á alla virðisikeðju atvinnugreinarnar. Það leiðir til hægari uppbyggingar og þar með lengra tekjutaps af atvinnugreininni í heild þar sem mikilvæg viðskiptasambönd tapast sem tekið hefur mörg ár og jafnvel áratugi að byggja upp.

Mikilvægt að vernda íslensk fyrirtæki og tryggja að störf og skatttekjur haldist hér á landi. Á undanförunum árum hafa umsvif erlendra ferðapjónustufyrirtækja (m.a. ferðaskrifstofa) á Íslandi aukist mjög. Gjaldþrot innlendra fyrirtækja á ferðaskrifstofumarkaði getur aukið mjög líkur á að innlend störf, þekking og uppbygging og þar með skatttekjur tapist til framtíðar. Hér er mikilvægt að líta til þess að stjórnvöld í mörgum helstu samkeppnislöndum okkar hafa þegar gripið til aðgerða til að verja þessi fyrirtæki og ef ekkert er að gert hér á landi munu fyrirtæki frá þeim ríkjum hafa afar skýrt samkeppnisforskot á íslenska ferðapjónustu þegar markaðurinn fer aftur af stað.

Sjónarmið um stöðu neytenda.

Ferðskrifstofur og aðrir seljendur sem falla undir pakkaferðalöggjöfina hafa lögskipaða gjaldþrotatryggingu sem tryggir rétt neytenda ef rekstur fyrirtækisins stöðvast. Það er gert til að tryggja jafna endurgreiðslu allra viðskiptavina óháð því hvernig endanleg niðurstaða reksturs viðkomandi ferðaskrifstofu fer, stöðvist rekstur fyrirtækisins. Mikilvægt er að hafa í huga að breytingin á ekki einungis við um íslenska neytendur heldur líka erlenda ferðamenn sem pantað hafa ferðir til Íslands. Hér er því ekki um afmarkað íslenskt neytendamál að ræða heldur samofinn og heildstæðan vanda ferðapjónustu í öllum ríkjum EES svæðisins.

Endurgreiðsla með inneign aðstoðar ferðaskrifstofur við að standa við skuldbindingar sínar og veita afhenda viðskiptavinum þjónustu að jafnvirði þess sem bókað var síðar. Það minnkar líkur á að fyrirtækið verði gjaldþrota og að til tryggingarinnar þurfi að grípa. Endurgreiðsla með inneign tryggir því jafna stöðu neytenda gagnvart gjaldþroti fyrirtækisins.

Að öðrum kosti munu stórtækar endurgreiðslur á grunni núverandi endurgreiðsluskyldu þurrka hratt upp lausafé fyrirtækjanna og hrekja þau í gjaldþrot, sem gerir það að verkum að réttur neytenda er de facto fyrstir koma fyrstir fá. Þeim mun fleiri sem krefjast endurgreiðslu, þeim mun aukast líkur á gjaldþroti fyrirtækjanna. Í þeirri raunstöðu eru þeir sem fyrst hafa krafist og fengið endurgreiðslu í mun

betri stöðu en þeir sem þá neyðast til að treysta á tryggingakerfið um endurgreiðslu að löngum tíma liðnum. Í dag er raunstaða neytenda gagnvart kerfinu því alls ekki jöfn vegna mikillar gjaldþrotaáhættu, enda gerir löggjöfin ekki ráð fyrir aðstæðum eins og þessum.

Breytingin sem hér um ræðir dregur því úr gjaldþrotaáhættu og stuðlar því að jafnari stöðu neytenda gagnvart fyrirtækjunum. Breytingin gerir ráð fyrir því að verði inneign enn ekki nýtt að 12 mánuðum liðnum öðlist neytandinn rétt til að innleysa hana. Skv. skilningi SAF er því í raun verið að fresta endurgreiðsluskyldu ferðaskrifstofa um 12 mánuði, sem er í fullu samræmi við frestanir af sama toga sem önnur Evrópuríki hafa gripið til vandanum til lausnar.

Sjónarmið um afturvirkni laga.

Ekkert almennt bann er við afturvirkri lagasetningu í íslenski löggjöf en stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944 mælir fyrir um bann við afturvirkni laga á ákveðnum réttarsviðum, refsilöggjöf og afturvirkni skattlagningu. Það á ekki við í þessu tilviki. Helstu fræðimenn Íslands á sviði lögfræði, Sigurður Líndal og Ármann Snævarr, hafa m.a. skrifað um að það megi ekki binda löggjafann um of svo að ógerlegt sé fyrir hann að bregðast við ófyrirséðum aðstæðum. Löggjafinn getur sett almennar takmarkanir á meðferð réttinda sem eigendur verða að þola bótalaust. Mikilvægir almannahagsmunir réttlæta afturvirka íþyngjandi lagasetningu. Þær einstöku aðstæður sem nú eru uppi réttlæta lagasetningu sem þessa. Lögin eru sett með almennum og hlutlægum hætti við ákveðið neyðarástand.

Nýjasta tilvikið þar sem reyndi á afturvirkni í lagasetningu var við setningu neyðarlaganna, Neyðarlög nr. 125/2008. Með þeim var bætt við lagagrein sem gerði það að verkum að við skipti á búi fjármálafyrirtækis skyldu innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta verða að forgangskröfum í bú fjármálafyrirtækja. Það reyndi á gildi þeirrar lagasetningar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 340/2011. Hæstiréttur staðfesti réttmæti lagasetningarinnar vegna hinna fordæmalausú aðstæðna sem voru í þjóðfélaginu á þeim tíma og með þeim rökum sem koma m.a. fram hér að ofan.

Með ofangreint í huga er ljóst að lagasetning með þessu hætti er heimil.

Eru aðrar leiðir færar sem tryggja fyllilega bæði líf fyrirtækja og rétt neytenda?

Samtök ferðaþjónustunnar hafa undanfarnar fjórar vikur lagt gríðarlega vinnu í að afla upplýsinga og greina stöðu íslenskra ferðaskrifstofa, sem og að safna upplýsingum um aðgerðir annarra Evrópuríkja, greina þær og meta með hvaða hætti verði best komið til móts við þennan vanda hér á landi. Samtökin hafa í þeirri vinnu lagt áherslu á að aðgerðir hér á landi séu sambærilegar við það sem gerst hefur annars staðar og að áhrif þeirra verði eins jákvæð og mögulegt er gagnvart fyrirtækjum, neytendum og stöðu ríkissjóðs.

Að mati Samtaka ferðaþjónustunnar er sú breyting sem hér er lögð til einföldust og skilvirkust þeirra sem í boði eru til að ná markmiðum sem lögð eru til grundvallar. Hún er sambærileg við markmið og útfærslu í mörgum samanburðarríkjum og stofnar ekki til aukinna útgjalda ríkissjóðs. Breytingin mun hafa þau raunáhrif að minnka til muna líkur á gjaldþrotum fyrirtækja og þar með einnig minnka mjög líkur á því að neytendur muni þurfa að treysta á tryggingakerfi ferðaskrifstofa um endurgreiðslur vegna gjaldþrota þeirra.

Samtök ferðaþjónustunnar styðja breytinguna eindregið og leggja mikla áherslu á að hún verði að lögum.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading "Jóhannes Þór Skúlason". The signature is written in a cursive, flowing style.

Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Umsögn berist nefnd atvinnuveganefndar.

Umsögn Sifjar Snorradóttur, 22. apríl 2020, varðandi 150. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 1256 — 727. mál. Stjórnarfrumvarp.

Sæl/l

Þetta er umsögn frá 3ja árs læknanema við Háskóla Íslands. Við erum um 50 einstaklingar, nemar og makar þeirra sem höfum lagt mikið á okkur að undirbúa okkur fyrir inntöku í nám með strangri samkeppni, því að læra grunnfög læknisfræðinnar, vinna með skóla til að eiga í okkur og á, þurft að taka námslán. Undanfarnar vikur hafa mörg okkar tekið aukavaktir og skráð okkur í bakvarðarsveit meðfram námstengdri rannsóknarvinnu í þessum faraldri.

Við höfum skrapað saman, fengið að láni, unnið fyrir útskriftarferð sem átti að vera í lok maí. Við höfum borgað allt að þrjúhundruð þúsund fyrir ferð sem átti að vera verðlaun fyrir mikla vinnu og mikið streð. Við höfum fengið vilyrði frá ferðaskrifstofunni að þeir séu að fara að endurgreiða okkur ferðina. Því við munum ekki fara, og munum aldrei fara í þessa útskriftarferð. Það er enginn möguleiki á því að þessi tími komi aftur, tíminn þegar við erum að útskrifast með B.S. í læknisfræði eftir mikla vinnu.

Við töldum okkur standa á góðum grunni að fara fram á endurgreiðslu og aflýstum ferðinni með góðum fyrirvara þegar sást í hvað stefndi. Við vissum ekki hver staðan yrði úti, hvort okkar yrði þörf heima og vildum ekki vera að stofna okkar nánustu í hættu með því að ferðast að óþörfu. Eins eru einstaklingar í hópnum sjálfir með áhættuþætti alvarlegra fylgikvilla sjúkdómsins COVID19. Við aflýstum ferðinni í samráði við tengiliða okkar hjá ferðaskrifstofunni og gekk vel að þeirra sögn að aflýsa bókunum. Tengiliðurinn tjáði okkur að erfiðleikar í bókunum að utan vegna óvissu í ferðamannviðskiptum væri næg forsenda í sjálfu sér að aflýsa ferðinni. Ferðaskrifstofan ætti því að hafa fengið allt endurgreitt utan 12þúsund krónum hjá einu innanlandsflugfélagi að utan. Tengiliðurinn tilkynnti okkur þetta og eins að þetta 12þúsund krónu tap á haus myndi velta yfir á okkur. Við skyldum fá allt endurgreitt utan 12þúsund krónur. Ég taldi þetta ekki standast Neytendalög en málin ættu eftir að þróast meira. Ferðaskrifstofan hefur frestað endurgreiðslum í vikur, framyfir frest þeirra samkvæmt gildandi lögum Neytendastofnunnar.

Fyrirtæki eins og ferðaskrifstofur rukka kúnna sína um tryggingar í hverri ferð og eru lagalega skyld til að tryggja sig gegn ófyrirsjáanlegum viðburðum. Að sjálfsögðu hefur þessi heimsfaraldur fordæmalaus áhrif í efnahagi innanlands og á heimsvísu. En með þessu lagafrumvarpi finnst mér vera verið að styrkja fyrirtæki á kostnað einstaklinga. Ég treysti ferðaskrifstofunni og neytendalögum í mínu landi fyrir mínum hagsmunum og lagði til hluta af mínum lágmarkslaunum til að tryggja mig aukalega gegn forföllum, veikindum eða slysum. Veirufaraldur því miður var ekki hluti af þeim viðbótarpakka.

Því mótmæli ég þessari áætlun, að neytendur láni ferðaskrifstofum peninga sína næstu 12 mánuði. Við vitum mjög vel að þetta hafa verið óvenjulegar og óviðráðanlegar aðstæður. Við höfum verið að takast á við þær líka. En það er engu að síður ansi hár reikningur að senda háskólanemum að lána ferðaskrifstofu peningana okkar, fyrir ferð sem aldrei var farin og aldrei verður farin. Ég sem námsmaður sé eftir hverri krónu og var lengi að ákveða að láta þessa ferð eftir mér. Við skiljum að lausafjárstaðan er erfið. Hún verður erfið hjá öllum. Við

þurfum öll að borga, borga leigu, borga mat fyrir börnin okkar, kaupa bækur og bensín. Við munum standa okkar vaktir. En ekki senda okkur reikninginn fyrir rekstri ferðaskrifstofa. Þetta er ekki bankinn sem á að láta fjármagna rekstur ferðaskrifstofunnar. Ekki okkar sparnaður, nemanna. Ekki peningar ellilífeyrisþega, ekki peningar fólks sem hélt það hefði efni á ferðum en er margt búið að missa vinnuna, eða makar þeirra, og stólar á að fá þessa fjármuni til baka. Ríkið á marga banka. Látið þá lána. Ekki okkur.

Virðingarfyllt,

Sif Snorradóttir
Bæjargili 9
210 Garðabæ